



26. mars 2021
Tilv.: 2103121

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðsluþjónustu, 583 mál.

Seðlabanki Íslands vísar til tölvubréfs frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis dags. 12. mars 2021 þar sem óskað var eftir umsögn bankans um frumvarp til laga um greiðsluþjónustu, 583. mál. Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um greiðsluþjónustu sem innleiða tilskipun (ESB) 2015/2366 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum (PSD2). Seðlabankinn styður framgang frumvarpsins en telur þó ástæðu til að koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í 9. tölul. 2. gr. er lagt til að greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur og aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem aðilar þeir er um getur í 8. tölul. eða fjármálafyrirtæki með leyfi til að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti eða sjóðir um sameiginlega fjárfestingu, svo sem verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóðir, annast falli utan gildissvið laganna.

Lagt er til að hugtakanotkun í ákvæðinu verði breytt til samræmis við breytingar sem gerðar hafa verið á löggjöf á þessu sviði, sbr. lög um rekstaraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, þannig að ákvæðið verði svohljóðandi:

„Greiðslur sem tengjast umsýslu verðbréfa, þ.m.t. arðgreiðslur og aðrar tekjur, svo sem vegna innlausnar eða sölu, sem aðilar þeir er um getur í 8. tölul. eða fjármálafyrirtæki með leyfi til að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti eða verðbréfasjóðir eða sérhæfðir sjóðir, annast.“

Í 3. mgr. 4. gr. er lagt til að Seðlabankanum verði heimilt að setja nánari reglur um þær upplýsingar sem koma þurfa fram í umsókn um starfsleyfi og nauðsynleg fylgigögn til að umsókn teljist fullnægjandi.

Seðlabankinn telur ekki nauðsynlegt að hafa regluheimild í ákvæðinu heldur nægir að birta upplýsingarnar opinberlega á vefsíðu bankans. Það er m.a. í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en Seðlabankinn hefur birt lista yfir upplýsingar sem nauðsynlegt er að

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

fylgi með umsóknum um starfsleyfi skv. 5. gr. laganna. Með sama hætti hefur Seðlabankinn birt lista yfir upplýsingar vegna tilkynninga um virkan eignarhlut, sbr. 41. gr. laganna. Seðlabankinn telur því rétt að 3. mgr. 4. gr. verði felld úr frumvarpinu og þess í stað bætist við nýr töluliður í 1. mgr. 4. gr., sem verður 19. tölul., svohljóðandi:

„Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.“

Í 117. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á öðrum lögum. Þar er í e. lið fjallað um breytingar á 18. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris. Í 3. mgr. 18. gr. er lagt til að Fjármálaeftirlitinu verði heimilt að setja reglur um þær upplýsingar sem koma verða fram í umsókn og nauðsynleg fylgigögn til þess að umsögnin teljist fullnægjandi. Til samræmis við tillögu að breytingum á 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er lagt til að 3. mgr. 18. gr. laga um útgáfu og meðferð rafeyris, sbr. 117. gr. frumvarpsins, verði felld brott og í staðin bætist nýr töluliður við 1. mgr. 18. gr., sem verður 18. tölul., svohljóðandi:

„Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.“

Í 5. gr. er fjallað um virka eignarhluti í greiðslustofnun. Þar er í 3. mgr. lagt til að ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, gildi um meðferð virkra eignarhluta í greiðslustofnunum og mat á hæfi virks eiganda eftir því sem við á. Í 4. mgr. er lagt til að Fjármálaeftirlitið skuli setja nánari viðmið um þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu. Til að samræma orðalag 4. mgr. við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki er lagt til að málsgreinin verði svohljóðandi:

„Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega lista yfir þær upplýsingar sem greina þarf í tilkynningu.“

Í 11. gr. er lagt til að heiti greinarinnar verði „Hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda. Í 1. mgr. 11. gr. er lagt til að um hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda gildi 52. gr. og 52. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í samræmi við heiti 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki er lagt til að heiti 11. gr. verði „Hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra“. Þá er lagt til að 1. mgr. 11. gr. verði svohljóðandi:

„Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra gilda 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eftir því sem við á og reglur settar á grundvelli þeirra.“

Í 1. mgr. 106. gr. er lagt til að Fjármálaeftirlitnu verði gert heimilt að leggja stjórnvaldssektir vegna brota á tilgreindum ákvæðum laganna

og reglum settum á grundvelli þeirra. Lagt er til að bætt verði við málgreinina tilvísun til reglugerða þannig að hún verði svohljóðandi:

„Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og *reglugerðum* og reglum settum á grundvelli þeirra:“

Framangreind breyting er lögð til í þeim tilgangi að tryggja samræmi við orðalag í 107. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gera sátt við aðila vegna brota á lögum, reglum og reglugerðum.

Jafnframt er lagt til að lagagreinar frumvarpsins sem taldar eru upp í málgreininni verði tilgreindar í réttari röð eftir númerum greinanna.

Í 2. mgr. 108. gr. er lagt til að stjórnsluviðurlögum verði beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Lagt er til að málgreinin verði færð í 106. gr. og verði þar lokamálgreinin þar sem efni greinarinnar á ekki samhljóm við annað efni í 108. gr. sem fjallar um rétt grunaðs manns til að neita að tjá sig um mál eða afhenda gögn eða muni. Efni málgreinarinnar tengist hins vegar beint efni 106. gr.

Í 1. mgr. 110. gr. er lagt til að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að brjóta gegn tilgreindum ákvæðum laganna og reglum settum á grundvelli þeirra. Lagt er til að bætt verði við málgreinina tilvísun til reglugerða þannig að hún verði svohljóðandi:

„Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsins ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga þessara og *reglugerðum* og reglum settum á grundvelli þeirra:“

Framangreind breyting er lögð til í samræmi við breytingu sem lögð er til á 1. mgr. 106. gr.


Í 4. mgr. 111. gr. er ranglega vísað til 7. mgr. Rétt tilvísun er 2. mgr.


Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að reglur sem Seðlabankanum ber að setja skv. 2. mgr. 114. gr. frumvarpsins skuli birta á vefsíðu bankans fyrir 1. júlí 2021 og eigi síðar senda í lögformlega birtingu. Einnig er lagt til að á sama tíma skuli prófunarumhverfi netskilafata greiðsluþjónustuveitenda sem veita reikningsþjónustu vera tilbúið.

Um er að ræða reglur sem Seðlabankinn setur um sterka sannvottun, sbr. 97. gr. tilskipunar (ESB) 2015/2366. Reglurnar munu fela í sér innleiðingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/389 varðandi tæknilega eftirlitsstaðla fyrir sterka sannvottun og örugga sameiginlega opna samskiptastaðla.

Seðlabankinn bendir á að það er óvanalegt að lögfasta tímamörk fyrir setningu reglna með þeim hætti sem lagt er til í bráðabirgðaákvæðinu. Í lögnum er skýrt kveðið á um skyldu bankans til að setja reglurnar, sbr. 2. mgr. 114. gr. frumvarpsins. Að því er varðar prófunarumhverfi netskilafleta greiðsluþjónustuveitenda bendir Seðlabankinn á að það ætti að haldast í hendur við gildistöku framangreindra reglna hvenær það á að vera tilbúið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Rannveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra


Björk Sigurðsdóttir
framkvæmdastjóri
lagalegt eftirlit